

L Ö G

107

30. des.

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:
d. Til olúgeyma.

2. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna: „b-lið og c-lið“ komi: b-, c- og d-liðum.

2. Í stað „ $\frac{2}{5}$ “ komi: helmingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

108

30. des.

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisis, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands. Stjórnarnefndin starfar kauplaust.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælínu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælínu:

108

30. des.

1. Þann, sem dæmdur er til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 1940.
2. Þann, sem sækir um dvöl sjálfur eða lögráðamaður hans fyrir hans hönd, ef sjálfur er hann ósjálfráða. Taka skal fram í umsókn, hversu lengi aðili skuldbindist til að dvelja á hælínu, og að hann undirgangist að hlíta reglum hælísins á meðan.

4. gr.

Um dvalartíma þess á hælínu, sem þangað er tekinn skv. 1. tölul. 3. gr., fer svo sem segir í 65. gr. laga nr. 19 1940.

Sá, sem á hælið er tekinn skv. 2. tölul. 3. gr., skal dvelja á hælínu svo lengi sem lækni þess ákveður, þó aldrei lengur en hann samkv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns hans komi að nýju til.

Nú fer vistmaður heimildarlaust af hælínu eða gerir tilraun til þess, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, til hælisvistar svo lengi sem í 1. og 2. mgr. segir.

5. gr.

Vinnuskylda skal fylgja hælisvist eftir því, sem lækni hælísins segir fyrir um. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um rekstur hælísins, inntökuskilyrði, hegðun vistmanna og skyldur.

6. gr.

Hver sá, sem gefur eða veitir vistmanni áfengi eða aðstoðar vistmann við útvegum áfengis, skal sæta sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Þórðarson.

109

30. des.

L Ö G

um hlutatryggingafélög.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn er skylt, ef þess er krafizt, að boða til almenns fundar meðal hlutráðinna sjómanna og útgerðarmanna, er gera út skip til fiskveiða með hlutráðningu, til stofnunar hlutatryggingafélags.

Þegar slík krafa, sem að ofan greinir, hefur komið fram, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn láta gera skrá yfir þá menn, er atkvæðisrétt mundu hafa á stofnfundi. Skal því aðeins til fundarins boða, að krafan hafi stuðning $\frac{1}{2}$ hluta þeirra, er atkvæðisrétt hafa á fundinum. Fundinn skal boða með að minnsta kosti viku fyrirvara og á þann hátt, sem venjulegt er á þeim stað.

Atkvæðisrétt á slíkum fundi hafa allir útgerðarmenn skipa, sem skrásett eru í hreppnum eða kaupstaðnum og gerð eru út með hlutráðningu á yfirstandandi eða síðustu vertíð, svo og allir sjómenn, er hlutráðnir eru eða hafa verið á þau skip.